

# Óvissa út við sjóndeildarhring

Efnahagur lítilla og meðalstórra fyrirtækja á Íslandi

- 1. Viðskiptahagkerfið**  
*Rekstrar- og efnahagsyfirlit*
- 2. Þjóðhagsstærðir**  
*Útflutningur og starfsemi hins opinbera*
- 3. Alþjóðlegur samanburður**  
*Ísland stendur vel í alþjóðlegum samanburði*
- 4. Hugverkaiðnaður og nýsköpun**  
*Fjórdá og fimmta stoð hagkerfisins verður sífellt styrkari*
- 5. Hagur lítilla og meðalstórra fyrirtækja – LMF**  
*Greining og efnahagur, samanburður á sköttum og gjöldum, Hvernig kemur evrópska skilgreiningin á LMF út?*
- 6. Hlutverk gervigreindar í hagkerfinu**  
*Hvernig getur gervigreind stuðlað að framleiðniaukningu*
- 7. Einkaleyfi og hugverk**
- 8. Skattlagning fyrirtækja**
- 9. Viðauki – Veltutölur fyrirtækja**



## Samantekt og helstu niðurstöður I

Krefjandi rekstrarumhverfi bæði heima og heiman

- Rekstrartekjur og arðsemi meðal lítilla og meðalstórra fyrirtækja hafa vaxið lítið á árinu 2024 og líkur benda til þess að árið 2025 hafi verið litlu skárna.
- Sama á við um viðskiptahagkerfið í heild.
- Útflutningur hefur dregist saman að raungildi.
- Álögur sumra atvinnugreina fara hækkandi.
- Þensla er almennt ekki viðvarandi hjá fyrirtækjum.
- Laun á Íslandi eru með þeim hæstu í heimi.
- Landsframléiðsla á mann er einnig há í alþjóðlegum samanburði.
- Mögulega miklar áskoranir framundan vegna olíuverðhækkana og röskun aðfangakeðja með tilheyrandi verðbólgu.
- Ferðabjónustan og flutningsaðilar eru í viðkvæmri stöðu vegna hækkunar olíuverðs.
- Hið opinbera hefur frekar gefið í hvað varðar útgjöld. Hér þarf að spyrna við fæti ef ekki á illa að fara.
- Fyrirtækin og heimilin í landinu hafa vart burði til að takast á hendur frekari álögur.
- Starfsmönnum hins opinbera fjölgar hlutfallslega meira en hjá einkageiranum.
- Aldrei fleiri nýtt sér gervigreind en hún er enn í aðlögunarferli.

### Verðbólguvæntingar

Á fyrsta ársfj. 2026 hafa verðbólguvæntingar fyrirtækja, markaðsaðila og heimila frekar hækkað, skv. könnun sem Gallup gerði fyrir Seðlabanka Íslands.



## Samantekt og helstu niðurstöður II

Rekstraraðilar eru ekki bara á þriðju vaktinni á heimilinu heldur einnig á fjórðu vaktinni fyrir hið opinbera

- Getur notkun gervigreindar hjá hinu opinbera skapað hagræðingu og tímasparnað hjá smærri fyrirtækjum?
- Skatturinn hefur verið í fremstu röð í innleiðingu stafrænna lausna.
- Frekari sjálfvirknivæðing og nýting gervigreindar skapar tíma hjá litlum fyrirtækjum til að gera betur í rekstri og stækka kökuna. Meiri tími í rekstur, markaðssetningu og sölu skapar vöxt framtíðar.
- Hlutfall launakostnaðar er hærra hjá litlum og meðalstórum fyrirtækjum (LMF) en hjá stærri fyrirtækjum.
- Samkvæmt skilgreiningu Evrópusambandsins (ESB) þá eru einungis 65 fyrirtæki í viðskiptahagkerfinu stór á Íslandi, þ.e. með fleiri en 250 starfsmenn. Þau eru tæplega eitt þúsund m.v. þá skilgreiningu sem notuð er í þessari skýrslu.
- Ný skilgreining ESB á LMF og endurskoðun samrunareglna gefur tækifæri til endurskoðunar strangra skilyrða samkeppnisyfirvalda hér á landi.

### Fjórða vaktin tímafrek

Fyrirtækjaeigendur og rekstraraðilar eru á fjórðu vaktinni hvað varðar skil á skýrslum til hins opinbera. Þar má nefna: Kílómetragjald á ökutæki, virðisaukaskattsskil, gistináttaskatt, launatengd gjöld, innviðagjöld, o.fl.



## Ógnir og tækifæri framundan í rekstrarumhverfinu

Velta viðskiptahagkerfisins stendur í stað m.v. VSK skýrslur ársins 2025


- Samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofu Íslands virðist velta fyrirtækja í viðskiptahagkerfinu árið 2025 hafa staðið í stað á föstu verðlagi.
- Veltutölur samkvæmt virðisaukaskattsskýrslum (VSK) fyrir 1. ársfj. 2026 benda til tekjusamdráttar í ferðapjónustu og álframleiðslu. Það kemur ekki á óvart vegna viðgerða á álveri Norðuráls.
- Ytri þættir eru ógn sem þarf að takast á við og stuðla þarf að innlendum stöðugleika í rekstri viðskiptahagkerfisins.
- Ýmislegt hefur gengið í rekstri fyrirtækja en þar má nefna.
  - Tollastríð í heiminum.
  - Átök í Miðausturlöndum og við Persaflóa.
  - Hækkun olíuverðs og hækkun verðbólgu.
  - Sterkt gengi krónunnar og skert samkeppnishæfni.
  - Fyrirtæki drógu úr fjárfestingum vegna hárra vaxta og væntanlegra álaga ríkisins.
  - Leiga vísitölutengd og erfitt að velta henni ekki út í verðlag.
- Þessi þróun ætti að vekja stjórnvöld og hagaðila til umhugsunar.
- Þrátt fyrir þetta eru jákvæð teikn á lofti á árinu 2026:
  - Fiskeldi er í vexti.
  - Góð loðnuverðtíð og hátt fiskverð.
  - Ferðapjónusta gengur vonum framár en skjótt skipast veður í lofti.
  - Hátt ál- og orkuverð.
  - Ný orkuver í byggingu.
  - Ísland er í betri stöðu en mörg önnur ríki sem framleiðandi endurnýjanlegrar orku.

Vextir gætu hækkað

Áframhaldandi átök í Íran og lokun Hormússunds gæti leitt til enn frekari hækkunar olíuverðs og þar með verðbólgu og hærri vaxta. Kreppuverðbólga (e. stagflation) 8. áratugarins endurtekur sig vonandi ekki.

Olían er móðir verðbólgunnar






# Viðskiptahagkerfið

Rekstrar- og efnahagsyfirlit



## Fjöldi fyrirtækja í viðskiptahagkerfinu

Fjármála- og váttryggingastarfsemi er undanskilin



### Fækkun fyrirtækja

Skráðum fyrirtækjum í viðskiptahagkerfinu hefur fjölgað mikið á undanförunum tveimur áratugum.

Tæplega 38 þúsund fyrirtæki voru skráð með starfsemi árið 2024 en þau voru rúmlega 21 þúsund talsins árið 2002.

Skráðum fyrirtækjum fækkaði lítillega milli áráanna 2023 og 2024.




## Fjöldi starfandi í viðskiptahagkerfinu

Lítilsháttar fækkun var milli áráanna 2023 og 2024

- Alls hafa tæplega 44 þúsund störf bæst við viðskiptahagkerfið frá árinu 2011.
- Flest störf voru í einkennandi greinum ferðaþjónustu.
- Alls hefur landsmönnum fjölgað um rúmlega 82 þúsund á sama tíma.
- Landsmönnum hefur fjölgað um rúmlega fjórðung (26%) frá 2011 til 1. janúar 2026.
- Atvinnuþátttaka sem hlutfall af vinnuafli (16-74 ára) var að jafnaði um 79,5% á árinu 2024 en aðeins dró úr atvinnuþátttöku árið 2025 (77,8%).

**Fjöldi starfsmanna í viðskiptahagkerfinu – þúsundir starfa**




Heimild: Hagstofa Íslands

# Íslenska hagkerfið reiðir sig í æ ríkara mæli á erlent vinnuafli


Næstum fjórðungur allra starfandi á árinu 2024 voru með erlendan bakgrunn

### Fjöldi starfandi eftir bakgrunni – þúsundir



Af 225 þúsund starfandi, skv. staðgreiðsluskrá ársins 2025 voru rúmlega 55 þúsund með erlendan bakgrunn.


### Bakgrunnur starfandi – hlutdeild



Hlutfall innflytjenda hefur farið vaxandi. Var 7% árið 2005 en var 25% árið 2025.

## Rekstrartekjur í viðskiptahagkerfinu fara lækkandi

Rekstrartekjur á föstu verðlagi voru lægri á árinu 2024 en 2023 en þær lækkuðu um tæplega 270 milljarða króna á föstu verðlagi




Heimild: Hagstofa Íslands



## Heildartekjur eftir landshlutum

Dreifing heildartekna einstaklinga eftir landshlutum. Endurspeglar hlutdeild viðskiptahagkerfisins



### Tekjur eftir landshlutum

Samkvæmt greiningu Byggðastofnunar frá árinu 2023 eru atvinnutekjur hæstar á höfuðborgarsvæðinu. Næstum tveir þriðju hlutar allra tekna einstaklinga verður til þar.

Ef horft er til Suðurlands, Suðurnesja, Vesturlands og höfuðborgarsvæðisins þá verða 85,7% heildartekna einstaklinga til á því svæði.


Þessi tölfræði endurspeglar umfang fyrirtækja eftir landshlutum.

Heimild: Byggðarstofnun



## Rekstrartekjur fyrirtækja eftir landshlutum og árum

Stærsti hluti rekstrartekna verður til á höfuðborgarsvæðinu



### Aðferðafræði

Það er erfitt að meta veltu fyrirtækja í hverjum landshluta. Ástæðan er sú að mörg fyrirtæki eru starfandi um land allt en rekstrartekjur eru færðar til bókar á heimilisfesti þeirra sem gæti t.d. verið í Reykjavík.

Hér er brugðið á það ráð að deila heildarrekstrartekjum viðskiptahagkerfisins með fjölda starfandi í hverjum landshluta. Því er einhver skekkja í gögnunum. Myndin gefur samt vísbendingu um umfang rekstrar í hverjum landshluta fyrir sig.

Heimild: Hagstofa Íslands og eigin útreikningar



## Rekstrartekjur 2023 og 2024

Samdráttur var í sjávarútvegi og einkennandi greinum ferðaþjónustu á föstu verðlagi. Loðnubrestur og afleiðingar jarðelda á Reykjanesi höfðu mikil áhrif á rekstur fyrirtækja á tímabilinu

	2023	2024	Breyting	Hlutfallsbreyting (%)
Sjávarútvegur og fiskeldi	577.331	497.984	- 79.347	-13,7%
Einkennandi greinar ferðaþjónustu á Íslandi	1.000.699	969.395	- 31.304	-3,1%
Hátækniþjónusta	433.576	404.976	- 28.600	-6,6%
Upplýsingatækni og fjarskipti	379.386	351.712	- 27.674	-7,3%
Veitinga- og gistiþjónusta	320.232	296.272	- 23.960	-7,5%
Meðal- og hátækniframleiðsla	183.924	163.712	- 20.212	-11,0%
Farþegaflutningar	360.115	353.746	- 6.369	-1,8%
Farþegaflutningar á sjó og landi	50.518	48.062	- 2.456	-4,9%
Upplýsinga- og dagskrármiðlun	81.082	80.933	- 149	-0,2%
Tölvutengd þjónusta	241.100	243.997	2.897	1,2%
Tækni- og hugverkaiðnaður	747.052	753.006	5.954	0,8%
Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð	741.486	777.232	35.746	4,8%

### Mikill samdráttur

Töluverður samdráttur var í hátækniframleiðslu milli ára eða 11%. Einnig í sjávarútvegi og fiskeldi.


Hagkerfið var búið að ná sér vel á strik eftir COVID og því kemur þessi samdráttur á óvart.



## Meðalstærð fyrirtækja minnkar milli ára


Meðalstærð fyrirtækja og meðallaunakostnaður

Meðalstærð fyrirtækja eftir veltu á föstu verðlagi ársins 2024 – milljónir kr.



Velta meðalfyrirtækis í viðskiptahagkerfinu var um 188 milljónir kr. á árinu 2024. Meðalfyrirtækið minnkaði milli ára.

Meðallaunakostnaður á föstu verðlagi ársins 2024 – milljónir kr.




Meðallaunakostnaður hefur næstum staðið í stað undanfarin þrjú ár en hefur hækkað verulega frá árinu 2009.



## Velta fyrirtækja dróst aðeins saman milli ára 2023 og 2024


Rekstrartekjur hækkuðu mikið eftir að COVID-19 faraldrinum lauk

### Raunbreyting í heildartekjum fyrirtækja í viðskiptahagkerfinu



Heildartekjur fyrirtækja í viðskiptahagkerfinu lækkuðu að raunvirði árið 2024.

### Raunbreyting í launakostnaði fyrirtækja




Launakostnaður hjá fyrirtækjum í viðskiptahagkerfinu hækkaði milli ára eða um 3,3% á árinu 2024.



## Arðsemi eiginfjár hefur lækkað frá árinu 2021

Arðsemi eiginfjár sveiflast eftir árum en hefur farið lækandi



Heimild: Hagstofa Ísland & eigin útreikningar


Hagvöxtur og hagnaður

Fjárfesting fyrirtækja og góð arðsemi er grunnur að hagvexti til framtíðar. Arðsemi íslenskra fyrirtækja þarf að vera meiri til að tryggja lífskjör.



## Hagnaður viðskiptahagkerfisins lækkaði milli ára

Hagnaður í viðskiptahagkerfinu fór hæst í 854 milljarða kr. árið 2022 á verðlagi ársins 2024. Lægri arðsemi getur dregið úr fjárfestingu til framtíðar. Háir vextir draga úr arðsemi




Heimild: Hagstofa Íslands



## Arðsemi viðskiptahagkerfisins hefur aðeins dregist saman

Hagnaðarhlutfall af rekstrartekjum í viðskiptahagkerfinu í samanburði við einkennandi greinar ferðapjónustunnar



Heimild: Hagstofa Íslands og eigin útreikningar




## Arðsemi viðskiptahagkerfisins var minni árið 2024

Há vaxtabyrði hefur komið niður á arðsemi fyrirtækja

- Rekstrarárið 2024 var sambærilegt við árið 2023 þrátt fyrir að fyrirtæki næðu almennt að draga úr fjármagnsgjöldum.
- Rekstrartekjur lækkuðu að raungildi milli ára sem er áhyggjuefni. Lækkunin nam tæplega 270 milljörðum króna á föstu verðlagi.
- Fyrirtækin sýndu mikla þrautseigju en arðsemi gaf eftir frá fyrra ári. Að jafnaði nam arðsemi eiginfjár um 8,1% árið 2024. Arðsemin á árinu 2023 var 9% en 13,1% á árinu 2022.
- Arðsemi m.v. rekstrartekjur var óbreytt milli ára eða 7,3%.
- Án efa hefur rekstrarárið 2024 verið mörgum fyrirtækjum þungbært. Vaxtalækkunarferlið sem rekstraraðilar héldu að væri hafið er því miður gengið að hluta til baka.
- Óvissuþættir eru eins og átök í Persaflóa með tilheyrandi hækkun olíuverðs og tollastríð milli landa skapa frekari óvissu.
- Útflutningsdrifið hagkerfi eins hið íslenska þarf að halda vöku sinni í ljósi þessarar stöðu.

## Fjöldi nýskráðra fyrirtækja – öll félagsform

Töluverð fjölgun iðnfyrirtækja




Heimild: Hagstofa Íslands



## Tíðni gjaldbrota í fyrirtækjarekstri er svipuð og áður

Um fjórðungur gjaldbrota er í byggingariðnaði. COVID-19 faraldurinn fór illa með gisti- og veitingarekstur á árinu 2020




Heimild: Hagstofa Íslands



## Launakostnaður í viðskiptahagkerfinu á föstu verðlagi

Launakostnaður í viðskiptahagkerfinu hefur tvöfaldast að raungildi tveimur áratugum en lækkaði lítillega árið 2024




Meðallaunakostnaður á mann var um 10,3 milljónir króna á árinu 2024

Heimild: Hagstofa Ísland, Skatturinn & eigin útreikningar



## Þróun launa og launakostnaðar

Launakostnaður hefur hækkað um 43% frá árinu 2011



### Launakostnaður

Laun og launakostnaður er hæstur hjá fjármálafyrirtækjum og tryggingarfélögum. Lægstur er kostnaðurinn hjá gistihúsum og veitingastöðum eins og sést á næstu mynd.

Heimild: Hagstofa Íslands



## Launakostnaður eftir atvinnugreinum



■ Launakostnaður á unna stund (krónur)

■ Laun á unna stund (krónur)

Heimild: Hagstofa Íslands






## **Þjóðhagsstærðir**

Útflutningur og starfsemi hins opinbera



## Tekjur og gjöld hins opinbera

Ýmis áföll hafa dunið á þjóðarþúinu en þar má nefna jarðhræingar og COVID-19. Hið opinbera tekur meira til sín á föstu verðlagi



Heimild: Hagstofa Íslands

### Fjármálaáætlun 2027-2031

Ríkisstarfsmönnum hefur fjölgað um 19% frá 2019 eða um 3.405. Þeir eru samtals 20.949. Áætlunin er að fækka þeim um 1% á árinu 2027.

Samtals nema áætlaðar launagreiðslur hins opinbera, þ.e. ríkis og sveitarfélaga, á árinu 2027 um 777,6 ma. kr. (808,3 ma. kr., 2027)


Laun eru um 34% af rekstrarútgjöldum hins opinbera.

Heimild: Fjármálaáætlun  
[https://www.stjornarradid.is/library/03-Verkefni/Efnahagsmal-og-opinber-fjarmal/FjarmalaaAetlun-2027-31/Skjol-og-gogn/Fjarmalaaetlun\\_2027-2031\\_A4-prent.pdf](https://www.stjornarradid.is/library/03-Verkefni/Efnahagsmal-og-opinber-fjarmal/FjarmalaaAetlun-2027-31/Skjol-og-gogn/Fjarmalaaetlun_2027-2031_A4-prent.pdf)



# Starfsmannafjöldi í völdum atvinnugreinum

Stöðugur vöxtur í fjölgun opinberra starfsmanna



## Vinumarkaður

Opinberum starfsmönnum fjölgaði milli árana 2025 til 2026 (jan-feb) um 1.122 milli ára. Þeim hefur fjölgað um tæplega 19 þúsund frá árinu 2008.

Á sama tímabili hefur vinnumarkaðurinn vaxið um 40 þúsund manns eða um 21 þúsund án opinberra geirans.

Starfsfólki í fjármálageiranum hefur fækkað um rúmlega tvö þúsund á tímabilinu.

Starfsfólki hefur fjölgað mikið í einkennandi greinum ferðaþjónustunnar frá árinu 2008.


Einkennandi greinar ferðaþjónustu eru rekstur gististaða, veitingarekstur, flutningar (farþegaflutningar) og afþreying.

Heimild: Hagstofa Íslands



## Útflutningur vöru- og þjónustu dregst saman

Alvarlegt að útflutningur sé að dragast saman á föstu verðlagi – milljarðar króna



### Hvað gerðist?

Tekjur af erlendum ferðamönnum drógust saman milli ára.

Sama á við um aðrar iðnaðarvörur.


Einungis flokkurinn „Annað“ skapaði auknar útflutningstekjur.

Betri horfur t.d. vegna góðrar loðnuvertíðar og hás álverðs.



## Hlutdeild útflutningsgreina

Útflutningstekjur af erlendum ferðamönnum eru með hæsta hlutdeild



Heimild: Hagstofa Íslands




## Alþjóðlegur samanburður

Ísland stendur vel í alþjóðlegum samanburði



## Laun á Íslandi eru með þeim hæstu í OECD eða um 90 þúsund Bandaríkjadalir eða 12,4 millj. kr. á launþega á ári

Meðallaun í OECD ríkjunum eru 58 þúsund dalir eða 8 millj. kr. Myndin hér að neðan sýnir launagreiðslur í viðskiptahagkerfinu ásamt hinu opinbera og fjármálageiranum




Heimild: OECD



## Launakostnaður á hverja vinnustund er hæstur á Íslandi

Launakostnaður fyrirtækja með yfir 10 starfsmenn árið 2025

- Laun á Norðurlöndum eru með þeim hæstu í ESB/EES svæðinu.
- Tímalaun á Íslandi eru aðeins hærri en í Noregi eða €59,3 á hverja vinnustund með launatengdum gjöldum.
- Þýski starfsmaðurinn þarf að vinna hálf tíma lengur til að ná sömu kjörum og íslenskur starfsbróðir hans.
- Pólverjinn þarf að vinna þrjár vinnustundir til að ná sambærilegum launum og greidd eru á Íslandi
- Launakostnaður í ESB löndunum er að jafnaði €34,9 á hverja vinnustund.



Launakostnaður í viðskiptahagkerfinu, að undanskildum eftirfarandi atvinnugreinum:

Landbúnaður

Fiskveiðar

Opinber stjórnsýsla

Varnarmál


Félagsbætur

Heimild: Eurostat



## VLF á mann á Íslandi er há í alþjóðlegum samanburði

Verg landsframleiðsla (VLF) á mann í þúsundum Bandaríkjadala í efstu 30 löndum heims á jafngildisvirði (PPP)



Hvað skýrir muninn?

Flestar þær þjóðir sem eru fyrir ofan Ísland byggja afkomu sína á fjármálastarfsemi eða auðlindum, sbr. Noregur. VLF er einnig há þar sem alþjóðleg fyrirtæki kjósa að greiða skatta.





## Hagur lítilla og meðalstórra fyrirtækja

Byggt á ársreikningum fyrirtækja fyrir árið 2024 sem lágu fyrir í nóvember 2025



## Skilgreining Evrópusambandsins á litlum og meðalstórum fyrirtækjum

Gerð fyrirtækja	Fjöldi stöðugilda	Árstekjur	eða	Efnahagsreikningur
<b>Stórfyrirtæki</b>	≥ 750	≥ € 150 m (kr. 21,7 ma. kr.)	eða	≥ € 129 m (kr. 18,7 ma. kr.)
<b>Nýtt viðmið ESB – Miðlungsstórt fyrirtæki</b>	< 750	≤ € 150 m (kr. 21,7 ma. kr.)	eða	≤ € 129 m (kr. 18,7 ma. kr.)
<b>Meðalstórt fyrirtæki</b>	< 250	≤ € 50 m (kr. 7,3 ma. kr.)	eða	≤ € 43 m (kr. 6,2 ma. kr.)
<b>Lítill fyrirtæki</b>	< 50	≤ € 10 m (kr. 1,5 ma. kr.)	eða	≤ € 10 m (kr. 1,5 ma. kr.)
<b>Örfyrirtæki</b>	< 10	≤ € 2 m (kr. 290 millj. kr.)	eða	≤ € 2 m (kr. 290 millj. kr.)

- Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins (ESB) skilgreinir fyrirtækjaflokka í örfyrirtæki, lítill fyrirtæki og meðalstór fyrirtæki. Öll stefnumótun ESB í málefnum lítilla og meðalstórra fyrirtækja (LMF) miðast við ofangreinda flokka.
- Þessir flokkar ná ekki til fjármálafyrirtækja.
- Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Evrópu – Eurostat eru um 99% allra fyrirtækja ör- eða lítill. Það er með færri en 49 starfsmenn.
- Um 48% alls vinnuafls eru starfandi hjá þessum fyrirtækjum. Þessi fyrirtæki skapa 35% af vinnsluvirði (e. value added) evrópska hagkerfisins.
- Meðalstór fyrirtæki eru 0,8% allra fyrirtækja og um 15% vinnuafls er starfandi hjá þeim. Hlutdeild í vinnsluvirði nemur um 16%.
- Stórfyrirtæki (e. Large Scale Enterprises) eru einungis 0,2% allra fyrirtækja en 37% vinnuafls starfa hjá slíkum fyrirtækjum. Hlutdeild þeirra í vinnsluvirði nemur um 49%.



## Ný flokkun fyrirtækja

LMF skilgreining ESB hefur verið útvíkkuð og tekur einnig til fyrirtækja með færri en 750 starfsmenn

- Framkvæmdastjórn ESB kynnti nýlega nýjan flokk til að styðja við vöxt fyrirtækja sem eru að stækka út fyrir hina hefðbundnu skilgreiningu á LMF (SME) eða á frummálinu „small mid-caps“.
- Markmiðið er koma í veg fyrir að vaxandi fyrirtæki missi skyndilega allar ívilnanir og kjör sem LMF eiga kost á innan ESB, þ.e. þegar starfsmannafjöldi fer yfir 249 starfsmenn.
- Áætlað er að um 38 þúsund fyrirtæki innan ESB falli innan þessa nýja flokks.
- Efnahagsleg áhrif eru mikil en gert er ráð fyrir að þessi einföldun muni spara þessum fyrirtækjum a.m.k. 400 milljónir evra í umsýslukostnað á ári.
- Dregið úr kröfum um skráningarlýsingar við skráningu á hlutabréfamarkað. Það gæti sparað fyrirtækjum allt að 12,7 milljónir evra.
- Undanþágur frá ítarlegri skráningu á persónuupplýsingum í tilfellum þar sem áhætta er lítil.
- Dregið úr kröfum um áreiðanleikakannanir (e. due diligence) og rekjanleika í aðfangakeðjum. Nefna má að talið er að rafhlöðuiðnaðurinn geti sparað sér allt að 40 þúsund evrur á ári.
- Stuðningur við útflutning eykst og reynt verður að bregðast við aðgangshindrunum inn á erlenda markaði.
- Fyrirtækjum verður gert kleift að skila yfirlýsingum og leiðbeiningum á stafrænu formi.


Heimild:

SMALL MID-CAPS. Helping Europe's Growing Businesses:  
<https://ec.europa.eu/commission/presscorner/api/files/attachment/881208/Factsheet%20-%20Small%20mid-caps.pdf>



## Evrópsk skilgreining LMF leiðir í ljós hve mörg örfyrirtæki eru starfandi hér á landi

Yfir 93% Íslenskra fyrirtækja flokkast sem örfyrirtæki



### 65 fyrirtæki eru stór

Einungis 65 fyrirtæki í viðskiptahagkerfinu flokkast sem stór fyrirtæki m.v. skilgreiningu ESB. Þ.e. þau fyrirtæki sem eru með yfir 250 starfsmenn í vinnu.

Í framleiðslu (C) eru 16 fyrirtæki, þ.m.t. fiskvinnslufyrirtæki.

Í landbúnaði, fiskveiðum og skógrækt (A) er eitt fyrirtæki.

Í flutningum og geymslu (H) eru sex fyrirtæki. Flutningar eru m.a. fragtflutningar og flug.

Í ferðaþjónustu, þ.e. í hótél og veitingaþjónustu (I) eru fjögur fyrirtæki.

Frumvarp um breytt lög um ársreikninga fyrirtækja hafa verið lögð fram á Alþingi. Mikil umræða um gullhúðun og stærðarmörk fyrirtækja.



## Skilgreining LMF á Íslandi


Íslenskum LMF er skipt í þrjá undirflokka

- Við vinnslu skýrslunnar var ákveðið að notast við eftirfarandi **séríslenska** skilgreiningu á LMF í samráði við Ríkisskattstjóra:
- **Stór fyrirtæki:** Velta yfir 1.000 milljónir króna á ári.
- **Meðalstór fyrirtæki:** Velta á bilinu 500 – 1.000 milljónir króna.
- **Lítil fyrirtæki:** Velta á bilinu 25 – 500 milljónir króna.
- **Örfyrirtæki:** Velta á bilinu 5 – 25 milljónir króna.
- Ef sama skilgreining væri notuð hér á landi og í ESB þá væru flest fyrirtæki flokkuð sem örfyrirtæki. Vegna þessa er kynnt til sögunnar sérstök skilgreining þar sem ofangreind tafla er aðlöguð íslenskum aðstæðum.
- Skilgreining ESB gefur til kynna að meginþorri fyrirtækja á Íslandi væru með veltu undir meðalstóru evrópsku fyrirtæki
- Fjárhagsupplýsingar um rúmlega 28 þúsund fyrirtæki voru fengnar frá Ríkisskattstjóra og Hagstofu Íslands. Nánar tiltekið fyrirtæki yfir 5 milljónir í rekstrartekjur. Fyrirtæki með undir 5 milljón króna veltu eru fjölmörg og gefa ekki góða mynd af rekstrarumhverfi LMF.
- Heildarfjöldi skráðra fyrirtækja í viðskiptahagkerfinu til samanburðar voru um 38 þúsund samkvæmt tölum Hagstofu Íslands.
- Gagnasettið tekur til 75% allra skráðra fyrirtækja í viðskiptahagkerfinu.



## Íslensk sérskilgreining LMF

Hér teiknast önnur mynd sem er nýtt í greiningunni hér á eftir



### LMF á Íslandi og ESB


Í fyrri greiningum Reykjavík Economics fyrir Íslandsbanka var ákveðið að notast við aðra skilgreiningu en ESB notar til að sýna fjölbreyttari mynd en annars hefði teiknast upp.

Í ljósi væntanlegrar þjóðaratkvæðisgreiðslu um aðildarviðræður við ESB þá má ætla að fyrirtækjæigendur vilji kanna hvaða kosti þeir eiga varðandi stuðning í áætlunum ESB. Það er hvaða kosti og galla það feli í sér að reka LMF innan ESB eða utan.



## Fjöldi fyrirtækja eftir LMF skilgreiningu

Örfyrirtækjum fækkar milli ára en þau stærri sækja í sig veðrið



### Séríslensk skilgreining

Hér eru stórfyrirtæki fleiri en m.v. ESB skilgreininguna.


Fleiri fyrirtæki færast um flokk og eru að stækka. Mikil fjölgun stærri og meðalstórra fyrirtækja eða um 50% milli áranna 2019 til 2024.

Niðurstaðan eru fleiri stærri fyrirtæki.



## Hlutfall heildarveltu eftir stærð og atvinnugreinum

LMF eru algeng í heilbrigðisþjónustu og í ferðaþjónustu




### Fjárbinding og stærð

Þar sem fjárbinding er mikil þá verða fyrirtækin stærri. Hér má nefna veitu- og fjármálafyrirtæki.



## Fjöldi fyrirtækja eftir veltu

Flest skráð fyrirtæki eru í bygginga- og mannvirkjagerð




### Byggingarstarfsemi

Miðað við þann uppgang sem hefur verið í byggingu íbúðarhúsnæðis og fasteignaþróun kemur ekki á óvart að flest skráð fyrirtæki skuli vera í mannvirkjagerð.



## Hlutfall fjölda fyrirtækja eftir atvinnugrein

Flest fyrirtæki eru lítil og meðalstór, skv. íslenskri skilgreiningu



### Lítill og örfyrirtæki


Myndin hér til hliðar sýnir vel dreifingu lítilla sem og örfyrirtækja.

Hlutfallslega fá meðalstór og stór fyrirtæki. Helst í atvinnugreinum þar sem fjárbinding er mikil, eins og áður var komið að.



## Hlutfall kostnaðarliða innan LMF

Launakostnaður er yfir 30% í flestum greinum innan LMF



### Kostnaður LMF


Hlutfall launakostnaðar er hæst í vinnuafsfrekum atvinnugreinum eins og fræðslu- og heilbrigðisstarfsemi.

Alengt viðmið í veitingarekstri var 30:30:30 og 10% hagnaður. Hlutfall launa hefur hækkað á kostnað annarra rekstrarliða eins og hráefnis og húsaleigu.



## Laun sem hlutfall af tekjum

Launakostnaður vegur þyngra meðal lítilla og meðalstórra fyrirtækja



### Hátt hlutfall launa


Launakostnaður örfyrirtækja er hærri sem hlutfall af rekstrartekjum en hjá stærri fyrirtækjunum. Hlutfallið er yfir 30%.

Hlutfallið hjá stórfyrirtækjum er um fimmtungur af tekjum.



## Hlutfall launakostnaðar af rekstrartekjum

Hlutfall launakostnaðar er hæst í fræðslustarfsemi




### Launakostnaður

Mannafisfrekar atvinnugreinar eins og fræðslustarfsemi, heilbrigðis- og félagsstarfsemi eru með hátt hlutfall launakostnaðar af rekstrartekjum.



## Hagnaður sem hlutfall af tekjum innan LMF

Fasteigna og fjármálastarfsemi arðbærustu greinar LMF



### Arðsemi


Þegar horft er til hagnaðar sem hlutfall af rekstrartekjum er arðsemi fyrirtækja í fasteignaviðskiptum áberandi best.

Arðsemin sem hlutfall af rekstrartekjum er undir 10% í greinum eins og landbúnaði, rekstri gisti- og veitingastaða á árinu 2024.



## Langtímaskuldir í hlutfalli við EBITDA

Skuldastaða örfyrirtækja (5-25m) er hærri en lítilla og meðalstórra (25-1000m).  
Lítill fyrirtæki standa einna best



### Skuldastaða

Skuldir örfyrirtækja hafa vaxið mikið frá árinu 2022 sem er áhyggjuefni.


Áhrif COVID-19 sjást greinilega á myndinni hér til hliðar.

Skuldir í hlutfalli við rekstrarhagnað (EBITDA) þar sem gildið er fimm eða hærra er hátt og kallar á sérstaka aðgátt frá hendi lánardrottna.



## Hlutfallsleg breyting starfsmanna (x-ás) og rekstrartekna (y – ás) innan LMF – 2019-2024

Flestar greinar LMF juku við rekstrartekjur sínar og bættu við starfsfólki á tímabilinu




### Vaxtargreinar

Myndin hér til hliðar sýnir glögglega að í greinum eins og veitinga- og gististaðarekstri hafa tekjur vaxið umfram fjölgun starfsfólks frá 2019 til 2024. Það gefur til kynna að aukna nýtingu t.d. vegna þess að ferðaþjónustan starfar nú í meira mæli en áður allt árið um kring. Einnig mætti nefna tækninýjungar í ferðaþjónustu sem draga úr vinnuafþörf.

Sama virðist vera upp á teningum í byggingarstarfsemi.






## Arftakinn

Stjórnendur fyrirtækja eru flestir komnir yfir miðjan aldur



## Stjórnendur fyrirtækja – stærsti hópurinn 56 ára eða eldri

Öldrun stjórnenda gæti verið áskorun þegar fram í sækir



### Hlutverk framtakssjóða

Framtakssjóðir gætu séð tækifæri í að sameina fyrirtæki og efla þau. Flækjustig samkeppnismála má ekki standa í vegi fyrir slíkum samrunum.


Höfum séð mörg gróin fyrirtæki hætta á undanförunum misserum.

Heimild fyrir þessari umfjöllun m.a. frá: [https://www.kfw.de/About-KfW/Newsroom/Latest-News/Pressemitteilung-Details\\_857664.html#:~:text=Group%2C%20KfW%20Research-Details,KfW%20Research:%20Ageing%20of%20SME%20entrepreneurs%20hampers%20investment,it%20was%20only%2020%20percent.](https://www.kfw.de/About-KfW/Newsroom/Latest-News/Pressemitteilung-Details_857664.html#:~:text=Group%2C%20KfW%20Research-Details,KfW%20Research:%20Ageing%20of%20SME%20entrepreneurs%20hampers%20investment,it%20was%20only%2020%20percent.)



## Ungir stjórnendur eru sjaldséðir hvítir hrafnar

Hlutdeild forstjóra og stjórnarformanna eftir aldri



### Ungt fólk og rekstur

Hlutdeild eldri stjórnenda fer vaxandi. Voru um fimmtungur fyrir aldarfjórðungi síðan en hafa tvöfaldað hlutdeild sína.

Hvetja verður ungt fólk til þess að hefja eða taka við atvinnurekstri.

Flækjustig og launasamkeppni við hið opinbera skapar ekki nægan hvata fyrir ungt fólk til að hefja rekstur eða taka við fyrirtækjum foreldra sinna.

Heimild: Hagstofa Íslands



## I: Af hverju skiptir arfleiðarvandinn máli?

Áhættusækni eldri stjórnenda er minni en þeirra sem yngri eru

- Á síðustu 25 árum hefur orðið mikil breyting á aldurssamsetningu stjórnenda á Íslandi. Gögnin sýna að þeir eru að „eldast“ hratt, sem getur haft í för með sér efnahagslega áhættu.
- Eldri stjórnendur (56 ára+). Þessi hópur hefur rúmlega tvöfaldast, úr 19% árið 1999 í 39% árið 2024.
- Fækkun í aldurshópum 36–45 ára. Stjórnendur á aldrinum 36–45 ára voru áður stærsti hópurinn (34%) en nú eru aðeins 21% stjórnenda á því aldursbili.
- Lítil nýliðun.
  - Hlutfall yngstu stjórnendanna (35 ára og yngri) hefur dregist saman, sem bendir til þess að erfiðara sé fyrir ungt fólk að komast að í brúnni.
- Hugsanleg áhrif á Íslandi:
  - Samkvæmt KfW Research fylgja þessari þróun ákveðnar áskoranir fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki (SME):
  - Minni fjárfesting
    - Eldri stjórnendur eru oft varkárari og síður tilbúnir í stórar langtímafjárfestingar eða róttæka tækniþróun rétt fyrir starfslok.

Ríkið getur komið að málum

Skattaávilnanir og lán

Einfaldara regluverk

Mentor-kerfi

Liðka fyrir kaupum stjórnenda (e. Management Buyout)



## II: Af hverju skiptir arfleiðarvandinn máli?

Ríkið getur búið til hvata sem gerir eigendaskipti eftirsóknarverð og einföld

- Nýsköpunarstopp
  - Hætta er á að fyrirtæki staðni ef ekki verða eðlileg kynslóðaskipti sem koma með nýja sýn á t.d. nýsköpun og umhverfismál.
- Eignarhaldsvandi
  - Fjöldi íslenskra fyrirtækja stendur frammi fyrir því að þurfa nýja eigendur eða stjórnendur á sama tíma. Ef enginn tekur við keflinu, gætu lífvænleg fyrirtæki hreinlega lagt upp laupanna.
- Fjármálakerfið
  - Sveigjanlegri fjármögnun
  - Lánastofnanir geta boðið upp á sértækar lausnir sem draga úr áhættu nýrra eigenda.
  - Hagstæð kynslóðaskiptalán
    - Lán með langan lánstíma og mögulegt afborgunarfrelsi á fyrstu árum rekstrar nýrra stjórnenda gætu auðveldað arfleiðarvandann.
- Hlutafjár sjóðir fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki (SME)
  - Sjóðir sem fjárfesta tímabundið í fyrirtækjum til að brúa bilið þegar stjórnandi hættir og þegar arftakinn á ekki nægt eigið fé til að kaupa reksturinn að fullu.
- Ráðgjöf og verðmætamat
  - Bankar geta boðið hlutlaust mat á virði fyrirtækja, sem er oft helsta deiluefnið við kynslóðaskipti.

### Vaxandi áskorun

Mörg Evrópuríki glíma við svipaðar áskoranir og hér á landi. Í mörgum tilvikum þá vilja hvorki ættingjar né starfsmenn taka við rekstri og því hafa stjórnvöld nýtt atvinnuþróunarfélög til að ráðleggja væntanlegum stjórnendum og þeim sem eru að hætta. Hér má nefna: <https://www.wfg-myk.de/en/beratung/unternehmensnachfolge/>



## Tækifæri til samruna og yfirtöku?

ESB hefur boðað umbætur á samkeppnisreglum í anda ráðlegginga Draghi skýrslunnar, 2024

- ESB hefur breytt áherslum sínum og vill sjá fleiri „Evrópsk risafyrirtæki“ (e. European Champion). Stefnubreytingin á rætur að rekja til ráðlegginga Mario Draghi, f.v. seðlabankastjóra ECB, um eflingu stórfyrirtækja sem geta keppt á heimsvísu, frekar en einungis á landsvísu.
- Umbótunum er ætlað að liðka fyrir samrunum í fjármagnsfrekum og brotakenndum atvinnugreinum á borð við fjarskipti, fjármálum, varnarmálum, orku og samgöngum.
- Þó að evrópskum fyrirtækjum verði gert auðveldara að sameinast, er ólíklegt að ESB slaki á afstöðu sinni gagnvart erlendum yfirtökum.
- Fjárfestar og fjármálageirinn gerir ráð fyrir aukningu þverþjóðlegra samruna og yfirtakna (M&A) innan Evrópu í kjölfar þessara breytinga.
- Nýju leiðbeiningunum er ætlað að bregðast við þeirri gagnrýni um að samkeppnisreglur ESB hafi áður komið í veg fyrir myndun fyrirtækja sem eru nógu stór til að keppa á alþjóðavísu.



### Gagnrýni og höfnun samruna

Gagnrýnendur vara við því að það að setja stærð framfar samkeppni gæti leitt til hærra verðs fyrir neytendur og skapað óhagkvæmar einingar, þ.e. hvíta fíla (e. white elephants).

### Dæmi um samruna sem var hafnað:

- Alstom og Siemens (2019)
- Deutsche Börse/London Stock Exchange (2017)
- Wieland/Nordic/Cemex (2017)
- Ryanair/Aer Lingus (2007, 2013)

Heimild: FT.com – Viðtal Tereseu Ribera í Financial Times. Apríl 2026



## Samkeppnisyfirvöld hér á landi hafa verið ströng

Munu breytingar ESB hafa áhrif á Íslandi? SKE vitnar oft en ekki til evrópskra fordæma

- Samkeppnisyfirvöld (SKE) hafa stundum litið fram hjá alþjóðlegri samkeppni þegar horft er til samruna fyrirtækja.
- Breytt viðskiptaumhverfi og samþættari aðfangakeðjur gera það að verkum að auðveldara er fyrir fyrirtæki og neytendur að versla beint við erlenda birgja en áður.
- SKE horfir til stærð markaðar, aðgangshindrana og sokkins kostnaðar. Nefna má:
  - Er atvinnugreinin fjármagnsfræk, t.d. Er mikil fjárbinding í aðstöðu og birgðum.
  - Er auðvelt fyrir samkeppnisaðila eða kaupendur að flytja inn vöruna beint erlendis frá?
- Hvort sem að Ísland gerist aðili að ESB eða ekki þá þarf að taka tillit til þess að mörg innlend fyrirtæki eru í harðri samkeppni á alþjóðavísu.
- Minna hamlandi reglur ESB í samkeppnismálum þarf að aðlaga að íslenskum veruleika.
- Einnig verður að hafa í huga að flest fyrirtæki eru örfyrirtæki ásamt því að stjórnendur og eigendur margra fyrirtækja eru að eldast.
- Mikil verðmæti geta farið forgörðum ef ekki finnast skynsamur leiðir til sameiningar fyrirtækja hér á landi.
  - Í ljósi hins þekkta samrunamáls Gunnars Majónes má nefna að alheimsmarkaðurinn með majónes stefnir í 18,8 milljarða dala árið 2034. Stærstu framleiðendurnir eru með starfsemi hér á landi. Unilever. (Hellmann's), Kraft-Heinz, o.fl.

### Samrunar á Íslandi

Dæmi um samruna sem hefur verið hafnað eða verið dregin til baka.

- Ferro Zink ehf. og Metal ehf. (2026)
- KS og Gunnars ehf. (2023). Myllan-Ora keypti
- Samkaup og Basko (2019)
- Hagar og Lyfja (2017)
- Stjörnugrís og svínabú í eigu fjármálastofnunar (2011)
- Lyfjaver og Lyf & heilsa (2006)

Heimild: SKE, IMARC Group.

<https://www.imarcgroup.com/global-mayonnaise-market>



## „Að mala eða mala ekki gull“

Forstjóri lífeyrissjóðs fjallaði nýlega um arðsemi fyrirtækja í grein á *Innherja.is*

- **Arðsemiskrafa í einkarekstri:**
  - Sjávarútvegsfyrirtæki í einkaeigu þurfa að skila eðlilegri, viðunandi og ásættanlegri arðsemi til að standa undir ábyrgum veiðum og sjálfbærum rekstri.
  - Þrátt fyrir háværa umræðu sýna ársreikningar skráðra sjávarútvegsfyrirtækja að vegin meðaltalsarðsemi á eigið fé þeirra er í raun 8,5%.
  - Þegar einkarekin sjávarútvegsfyrirtæki skila lægri arðsemi (8,5%) en mörg ríkisfyrirtæki, breytist orðræðan og því er slegið upp að fyrirtækin „mali gull“.
- **Arðsemiskrafa til ríkisfyrirtækja:**
  - Samkvæmt eigendastefnu ríkisins skulu opinber fyrirtæki einnig stefna að viðunandi og ásættanlegri arðsemi sem er í samræmi við áhættu rekstrarins.
  - Opinber innviðafyrirtæki sem starfa samkvæmt sérleyfi skila mörg hver hærri arðsemi en einkafyrirtæki
  - Töluverðar kröfur til arðgreiðslna
- **Umræðan er skökk**
  - Arðsemi opinberra fyrirtækja vekur sjaldnast upphlaup eða afskipti stjórnámálanna, heldur víkja menn sér undan umræðunni og vísa í fagnefndir.
  - Einkaframtak og arðsemi einkafyrirtækja er oft milli tannanna á stjórnámálamönnum og almenningi.
  - Skráð fyrirtæki á markaði birta ítarlegar og gagnsæjar upplýsingar sem ætti að vera grunnur skynsamlegrar umræðu.
  - Umræðan einkennist af ósamræmi þar sem sömu kröfur og mælikvarðar gilda ekki um ríkisrekstur annars vegar og einkarekstur hins vegar.

### Um greinina

Hér er reynt að ná fram meginpunktum aðsendrar greinar Ólafs Sigurðssonar án þess að nefna einstök fyrirtæki til sögu.

Greinina má nálgast í heimildinni hér að neðan.





## Hlutverk gervigreindar í hagkerfinu


Ein mesta umbylting sem átt hefur séð stað og útbreiðslan er hraðari en fyrri tækninýjungar



## Atvinnustefna Íslands

Gervigreind á eftir að umbreyta rekstri hins opinbera ef vilji er fyrir hendi

- „Leggja þarf höfuðáherslu á að íslenskt atvinnulíf búi yfir færni til að nýta gervigreind og aðra nýja tækni á ábyrgan og árangursríkan hátt. Skapa þarf skilyrði til að fanga tækifæri þessarar tæknibyltingar um leið og gætt er að siðferðilegum álitafnum og mögulegum hættum. Með því að styrkja stafræna hæfni og tæknilæsi vinnuafsisins má auka framleiðni og verðmætasköpun til framtíðar.“
- Fagnaðarefni að slík stefnumörkun sé sett fram og gefur fyrirheit um framtíðina.
- Flest nýsköpunarfyrirtæki hér á landi hafa sprottið upp af þörf grunnatvinnuvega eins og sjávarútvegs og ferðaþjónustu.



### Gervigreind í opinberum rekstri

Skattar og skattaeftirlit eins og krossgreining gagna.

Opinber innkaup og samningar sem bæta greiningu tilboða og umboðssvika.

Velferðarútgjöld: Dregur úr villum og bótasvikum

Sjálfvirkni í stjórnsýslu: Gervigreind afgreiðir umsóknir, skjöl og tölvupóst.

Mörg ríki eru að innleiða gervigreind, t.d. Eistland.

Heimildir:

Hagstofa Íslands (2025) — Fjármál hins opinbera 2024

OECD — Government at a Glance 2025

McKinsey Global Institute (2023) — The Economic Potential of Generative AI

<https://e-estonia.com/estonia-is-building-an-ai-powered-state/>



## Gervigreind umbyltir framleiðsluferlum

Gervigreindin er í raun hið nýja rafmagn eða internet. Sú tækni umbylti allri framleiðslu. Nýjar skýrslur frá OECD og ECB gefa innsýn inn í framtíðina

- Sviðsmyndir OECD gefa til kynna að gervigreind geti aukið framleiðni vinnuafls um 0,1 til 1,0 prósentustig árlega.
- Mestur ávinningur verður í þekkingarstörfum. Geirar eins og UT, fjármálaþjónusta og fagþjónusta gætu séð allt að 10% heildaraukningu á framleiðni (TFP) á næstu 10 árum.
- Um 60% starfa í þróuðum ríkjum eru útsett fyrir gervigreind.
- Hlutfall starfsfólks sem notar gervigreind í Evrópu fór úr 26% árið 2024 í 40% árið 2025. Þetta er mun hraðari dreifing en sást við innleiðingu tölvunnar eða internetsins.
- Um tveir þriðju hlutar fyrirtækja á evrusvæðinu segja starfsfólk sitt nota gervigreind að einhverju leyti. Hins vegar nota aðeins um 7% fyrirtækja tæknina á kerfisbundinn hátt í kjarnastarfsemi sinni enn sem komið er.
- Fjárfesting í gervigreind og stafrænni tækni er mun meiri í Bandaríkjunum en í Evrópu.
- Fyrirtæki nefna skort á sérþekkingu, siðferðisleg álitamál og áskoranir við að samþætta gervigreind við eldri kerfi.
- Skortur á orku og öflugum gagnaverum getur hægt á þróun og notkun tækninnar.

### Fjártækni

Fjármálastofnanir notast við gervigreind í ákvörðunum sem tengjast smálánum og lægri yfirdráttarheimildum fyrirtækja og einstaklinga.



## Gervigreind skapar ný störf en fækkar öðrum

Gervigreindin sem gerandi (e. agent) og stuðningur

- Ein af hverjum 10 starfsauglýsingum í þróuðum ríkjum krefst nú þegar nýrrar stafrænnar færni.
- Spáð er að gervigreind leysi mannshöndina af hólmi í mörgum skrifstofustörfum. Krefst hraðrar endurmenntunar hjá fyrirtækjum.
- Störf sem krefjast nýrrar tækniþekkingar bjóða upp á 3–15% hærra laun en hefðbundin störf.
- Gervigreindarlíkön eru að þróast úr verkfærum yfir í sjálfstæða geranda — allt að 50% skrifstofustarfa gætu breyst (Shumer, M., 2024 — „The Agentic AI Workforce“)
- Stórfyrirtæki leiða innleiðinguna (90%) á meðan SME fylgja á eftir (60%).
- Stafræn fjárfesting í Bandaríkjunum hefur vaxið mun hraðar (rúm 100% aukning) en í Evrópu (60%) frá 2014.
- Evrópsk lítil og meðalstór fyrirtæki skortir áhættufjármagn miðað við bandarísk fyrirtæki, sem hamlar vexti þeirra.
- Írland, Finnland og Danmörk skora hæst á „Skill Readiness“ vísitölu IMF vegna öflugrar menntunar og endurmenntunarkerfa.
- Mörg lönd í Norður- og Vestur-Evrópu eru best í stakk búin til að mæta eftirspurn eftir nýrri færni.

### Samkeppnishæfni

Lönd sem ekki tileinka sér gervigreind tapa samkeppnishæfni.

Aðlaga verður gervigreind að innlendu atvinnulífi.



## Stóra stökkið – Stafrænir starfsmenn

Róttækustu spár segja að það verði algjör uppstökkun á vinnumarkaði sem kemur m.a. fram í ritgerð eftir vísifjórðinginn Matt Shumer

- Munum hætta að spjalla við gervigreindina.
- Við erum að hreyfa okkur frá kerfum sem svara spurningum yfir í kerfi sem framkvæma verk
- Allt að 50% þeirra sem vinna við ýmis konar þjónustu- og skrifstofustörf gætu misst vinnuna vegna gervigreindar.
- Shumer spáir því að gervigreind muni leysa mannshöndina af hólmi í mörgum störfum sem hann kallar hvítflibbastörf, þar á meðal hjá lögfræðingum og verkfræðingum sem vinna við textagerð.
- Gervigreind virkar nú í auknum mæli sem sjálfstæður gerandi/„starfsmaður“ sem getur skipulagt og leyst flókin verkefni með lágmarks inngripi manna.
- Útgáfa kerfa eins og OpenClaw, o.fl. markar upphaf tímabils þar sem gervigreind tekur að sér hlutverk stafræns starfsmanns frekar en einfalds verkfæris.
- Nýjustu útgáfur (t.d. GPT-5.3 Codex) sýna framfarir sem líkjast frekar dómgreind en einfaldri úrvinnslu gagna.
- Er Claude Mythos líkanið ógn eða tækifæri? Gervigreindarlíkanið greinir veikleika í hugbúnaðarkerfum á augabragði.

### Gagnaversfjárfesting

Gríðarleg fjárfesting er í gagnaverum vegna uppbyggingar gervigreindar. Orkuþörfin er áætluð 100 GW frá 2026-2030 á heimsvísu. Það jafngildir 3 billjón (e. trillion) Bandaríkjadala (JLL).



## Mun J-kúrvan seinka innleiðingu gervigreindar?

Margir sérfræðingar telja að innleiðing og þróun gervigreindar verði hægari en bjartsýnustu aðilar halda fram

- Skortur á nægum rökstuðningi:
- Paulo Carvão, fræðimaður við Harvardháskóla, gagnrýnir fullyrðingar eins og þær sem Matt Shumer setur fram fyrir að vera ekki studdar nægilega sterkum rökum.
- „Veikasti hlekkurinn“ (e. The Weakest Link):
- Ef það reynist erfitt að sjálfvirknivæða ákveðin störf eða atvinnugreinar gæti það takmarkað heildaráhrif gervigreindar á hagkerfið.
- Raunveruleg geta og væntingar:
- Nýlegar rannsóknir OECD benda til þess að núverandi gervigreind sé enn langt frá því að jafnast á við mannlega getu á mörgum sviðum, þrátt fyrir framfarir.
- Innleiðingarhindranir hjá fyrirtækjum:
- Margir vinnustaðir eiga erfitt með að fara úr tilraunastarfsemi yfir í raunverulega innleiðingu gervigreindar í kjarnastarfsemi sína.
- Siðferði og traust:
- Fyrirtæki nefna siðferðislegar áhyggjur, vantraust á niðurstöðum gervigreindar og skort á starfsfólki með AI-færni sem helstu ástæður þess að þau hinkra með innleiðingu.
- Innviðir og reglugerðir:
- Skortur á orku, vöntun á gagnaverum og flókið reglugerðarumhverfi (sérstaklega í Evrópu) gætu komið í veg fyrir að róttækustu spárnar gangi eftir.


### J-kúrvan

J-kúrvan sýnir tímabil þar sem innleiðing t.d. tækni skapar samdrátt fyrst í stað en yfir tíma eykst framleiðni. Kúrvan er oft notuð til að lýsa efnahags- og fjárfestingarmynstri.



## J-kúrvu gervigreindar

Minnkar framleiðni tímabundið áður en hún tekur stökk vegna innleiðingar gervigreindar




- **Samdráttur**
- Kostnaður vegna fjárfestinga í tæknilausnum, sérhæfðra námskeiða og skipulagsbreytinga veldur tímabundnum samdrætti í framleiðni. Hér verða til óáþreifanlegar eignir.
- **Vöxtur**
- Þegar ferli hafa verið endurhönnuð og starfsfólk hefur náð betri tökum á kerfunum, skilar gervigreindin auknum afköstum.
- Eric Brynjolfsson, prófessor við Stanford háskóla, segir að við höfum þegar náð beygjuskilum J-kúrfunnar og framleiðni sé vaxandi vegna gervigreindar.

„Lykillinn að árangri er ekki tæknin sjálf, heldur fjárfestingin í fólki og ferlum.“  
– Paulo Carvão (Harvard Kennedy School)

Heimild: <https://www.wsj.com/video/erik-brynjolfsson-productivity-is-much-higher-due-to-ai/CF9D0538-A797-4088-AFAA-F297ED29B569>

## Íslendingar hafa tileinkað sér gervigreind

Í neyslu- og lífsstílskönnun Gallup frá því í nóvember 2025 kom fram að yfir helmingur landsmanna notaði máltæknilíkanið ChatGTP. Líklega mun fleiri í dag



Heimild: Gallup



# Ísland þarf að finna sína gervigreindarsyllu

## Gervigreind og LMF

- Hægt að spara mikinn kostnað við útgáfu reikninga og við bókhald.
- Sjálfvirknivæðing mun aukast.
- Íslandsbanki býður upp á skönnun reikninga þegar greitt er með greiðslukorti. Flest bókhaldskerfi geta lesið þá reikninga beint.
- Gervigreindin mun líklega fyrst skapa ápreifanlegan ábata fyrir LMF í reikningshaldi og lögfræði.
- Getur verið hjálparhella í ýmsum verkferlum.
- Spjallmenni í rekstri og bókun þjónustu.
- Sjálfvirk svörun.
- Skortur á sérhæfðu starfsfólki, óvissa í regluverki og takmarkaðir innviðir (orka og gagnaver).
- Ísland þarf að forgangsraða orku til notkunar gervigreindar.

### Dæmi um hagræðingu

Bandaríska fjártæknifyrirtækið Block, móðurfélag Square, Cash App og Afterpay, tilkynnti um stórfelldar uppsagnir í febrúar 2026. Fyrirtækið sagði upp fjögur þúsund starfsmönnum eða um 40% af starfsmannafjölda.

Forstjórinn Jack Dorsey nefndi sérstaklega framfarir í þróun og notkun gervigreindar sem ástæðu uppsagnanna.

Heimild:  
<https://www.nytimes.com/2026/02/26/technology/block-square-job-cuts-ai.html#:~:text=About%204%2C000%20workers%20will%20lose,has%20changed%2C%20he%20wrote.>



# „Ísland sem fjártæknieyja – raunhæf leið til aukins hagvaxtar“

## Bankar stofna sérstök gervigreindarfyrirtæki

- Tækifæri fyrir lítið hagkerfi:
- Ísland er í einstakri stöðu sem lítið og tæknivætt hagkerfi til að nýta fjártækni og gervigreind til að mæta kröfum um bætt líf skjör og opinbera þjónustu.
- Hagræðing og skilvirkni:
- Gervigreind og sjálfvirkni geta lækkað rekstrarkostnað, flýtt fyrir lánaákvörðunum og dregið úr útlánatöpum, sem skilar sér í betri kjörum fyrir heimili og fyrirtæki.
- Bætt ákvarðanatáka:
- Innleiðing gervigreindar gerir kleift að taka betri ákvarðanir á skemmri tíma, til dæmis við lánshæfismat og varnir gegn svikum.
- Lækkun kostnaðar vegna regluverks:
- Sjálfvirkar lausnir geta dregið úr hlutfallslegri kostnaðarbyrði eftirlits og regluvörslu, sem vegur þungt í litlu hagkerfi, án þess að fórna öryggi.
- Efling fjármálalæsis:
- Stafræn ráðgjöf og sjálfvirkar fjárfestingarlausnir geta bætt fjárhagsstöðu almennings og aukið fjármálalæsi.
- Mikilvægi innviðafjárfestinga:
- Skýr forgangsröðun í innviðum er nauðsynleg. Rafrænar skuldaviðurkenningar gætu t.d. stýtt samþykktarferli húsnæðislána úr mörgum dögum niður í 1–3 daga.
- Neikvæð áhrif hærri skatta:
- Áform um hækkaða skatta á fjármálafyrirtæki á Íslandi, sem greiða þegar hærri skatta en víða annars staðar, geta dregið úr fjárfestingargetu í tækni og skert samkeppnishæfni landsins.
- Þörf á skýrri framtíðarsýn:
- Til að Ísland verði leiðandi þarf samhent átak, stöðugt regluumhverfi og skattkerfi sem styður við tækniþróun fremur en að hamla henni.

Jón Guðni Ómarsson /  
formaður SFF

Samantekt úr grein  
bankastjóra Íslandsbanka.

Heimild:  
<https://vb.is/skodun/island-sem-fjartaekniheyja-raunhaef-leid-til-aukins-hagvaxtar/>



## Anthropic's „Mythos,“




Mun gervigreindin valda öryggishættu. Einungis fjögur ár síðan að ChatGTP kom út (2022)



## Einkaleyfi og hugverk

Mörg einkaleyfi hafa gefið íslenskum fjárfestum vel í aðra hönd á undanförunum árum






Heimild: EPO



# Styrkir til nýsköpunarfyrirtækja vegna rannsóknar- og þróunarverkefna

Stuðningur hins opinbera getur skilað miklum árangri. Samtals skattafslættir frá 2018-2025



## Rannís staðfestir gildi verkefna

„Rannsóknar- og þróunarverkefni, sem hlotið hafa staðfestingu frá Rannís eiga rétt á sérstökum skattfrádrætti vegna nýsköpunar. Njóti verkefnið opinberra styrkja hafa þeir áhrif á fjárhæð skattfrádráttar... Skattfrádráttur nemur 35% af styrkhæfum kostnaði þegar um lítil og meðalstór fyrirtæki er að ræða og 25% þegar um stór fyrirtæki er að ræða og getur því að hámarki orðið 385 milljónir króna hjá litlum og meðalstórum fyrirtækjum og 275 milljónir króna hjá stórum fyrirtækjum.“

Heimild:  
<https://www.skatturinn.is/atvinnurekstur/framtal-og-alagning/styrkir-til-nyskopunarfyirtaekja/>



# Skattlagning fyrirtækja



Skattlagning í dag og í nánustu framtíð

Alþjóðlegur samanburður



# Tekjuskattur fyrirtækja á Íslandi er samkeppnishæfur

Skattareglur eru mismunandi milli landa



## Tekjuskattur

Skattareglur eru mismunandi milli landa og í sumum tilvikum er möguleiki á ívilnunum sem lækka raunverulega greidda skatta.

Í einhverjum tilvikum er hægt að semja um skatthlutfall gegn því að ákveðin skilyrði séu uppfyllt.


Heimild: Tax Foundation,  
<https://taxsummaries.pwc.com/ireland/corporate/taxes-on-corporate-income>



## Virðisaukaskattur er mismunandi milli landa

Virðisaukaskattur í völdum löndum er sýndur í töflu

Land	Önnur þrep	Hæsta þrep
Sviss	2.6 / 3.8	8,1
Þýskaland	7	19
Austurríki	10 / 13	20
Frakkland	2,1 / 5,5 / 10	20
Bretland	5	20
Holland	9	21
Spánn	4/10	21
Ítalía	4 / 5 / 10	22
Pólland	5 / 8	23
Portúgal	6 / 13	23
Grikkland	6 / 13	24
Ísland	11	24
Króatía	5 / 13	25
Danmörk	-	25
Noregur	12 / 15	25
Svíþjóð	6 / 12	25
Finnland	10 / 13,5	25,5



### Virðisaukaskattur

Í mörgum tilvikum er 3-4 þrep virðisaukaskatts (VSK).

Lönd skattleggja ferðaþjónustu, menningu og matvæli oft í lægra þrepi.

Heimild: Tax Foundation



## Fjármálaáætlun fyrir árin 2027–2031

Ýmsar hækkunir gjalda og skatta sem snerta LMF. Í fyrra var tekjuskattur fyrirtækja lækkaður

- Gjöld á ökutæki og eldsneyti: Gripið verður til frekari ráðstafana til að tryggja að tekjur ríkissjóðs af ökutækjum og eldsneyti nái 1,7% af vergri landsframleiðslu (VLF) í kjölfar upptöku kílómetragjalds.
- Breytingar á virðisaukaskatti (VSK):
  - Vinna við íbúðarhúsnæði: Endurgreiðsluhlutfall VSK vegna vinnu við íbúðarhúsnæði, sem nú er 35%, verður lækkað frekar.
  - Baðlón: Hætt verður við að skattleggja aðgang að baðlónum í neðra þrepi VSK og hann færður í almennt þrep.
- Gjaldtaka af ferðamönnum: Ný heildarlög verða sett um gjaldtöku á ferðamannastöðum í eigu þjóðarinnar til að fjármagna uppbyggingu, viðhald, öryggi og náttúruvernd.
- Skattar á fjármálageirann: Áform eru um að afla viðbótarskatttekna frá fjármálafyrirtækjum með sköttum á skuldir, laun og hagnað.
- Fiskeldisgjald: Útreikningi á grunngjaldi verður breytt þannig að það taki mið af heildarrekstrarhagnaði sjókvíaeldis til að einfalda regluverkið og auka gagnsæi.
- Alþjóðlegur lágmarksskattur: Gert er ráð fyrir auknum tekjum frá og með árinu 2029 vegna innleiðingar á 15% lágmarksskatti á fjölþjóðleg fyrirtæki í samræmi við verkefni OECD og G-20 ríkjanna.
- Öryggisgjald siglinga: Vitagjald verður hækkað og nafninu breytt í öryggisgjald siglinga.
- Forvarnargjald á Reykjaneskaga: Forvarnargjald vegna innviða á Reykjaneskaga verður framlengt um eitt ár.
- Lokun glufa og fækkun undanþága:
  - Breytingar á viðmiðunarreglum um reiknuð laun í atvinnurekstri.
  - Endurskoðun á skattlagningu minni háttar rekstrartekna einstaklinga.
  - Endurskoðun á reglum um frádrátt frá tekjum af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi.

Hagfræðileg áhrif:

Lækkun endurgreiðslu VSK hækkar íbúðaverð og getur hvatt til undanskota.

Skattar á fjármálageirann leggjast á viðskiptavinum þeirra.





## Viðauki – Veltutölur fyrirtækja


Velta samkvæmt virðisaukaskattsskýrslum til  
2025 án endanlegs ársuppgjörs



## Velta í viðskiptahagkerfinu hefur dregist saman frá árinu 2022

Veltutölur skv. VSK skýrslum gefa þetta til kynna

Bráðabirgðatölur á föstu verðlagi. Hér vantar líklega félög sem skila VSK einu sinni á ári




Heimild: Hagstofa Íslands



Íslandsbanki – LMF

## Velta í viðskiptahagkerfinu stendur í stað

VSK velta viðskiptahagkerfisins stóð í stað á fyrsta ársfjórðungi 2026 á föstu verðlagi



Heimild: Hagstofa Íslands

### Vaxtargreinar 1. ársfjórðungs

Hlutfallslega jókst velta mest í eftirfarandi atvinnugreinum:

Sala vélknúinna ökutækja jókst um 40,6% vegna breytinga á vörugjöldum

Framleiðsla á kvikmyndum, myndböndum og sjónvarpsefni jókst um 38,5%.

Sjávarútvegur jók veltu um 9,6%.


Tækni- og hugverkaiðnaður jók veltu sína um 6,1%



## Atvinnugreinaflokkun iðnaðarins gefur samdrátt til kynna

Veltutölur skv. VSK skýrslum gefa þetta til kynna

Bráðabirgðatölur á föstu verðlagi




Heimild: Hagstofa Íslands



## Tækni- og hugverkaiðnaður er ljósið í myrkrinu

Þetta er í samræmi við atvinnustefnu stjórnvalda

Bráðabirgðatölur á föstu verðlagi




Heimild: Hagstofa Íslands



## Tekjur af álframleiðslu lækkuðu

Framleiðsla Norðuráls dróst saman nær aftur fullum afköstum í lok júlí 2026. Álverð hefur hækkað á árinu 2026

Bráðabirgðatölur á föstu verðlagi




Heimild: Hagstofa Íslands



# Eftir mikinn vöxt hafa tekjur vegna framleiðslu kvikmynda og sjónvarpsefnis lækkað á árinu 2025

## Töluverður samdráttur eftir blómlegt uppbyggingarskeið

Bráðabirgðatölur á föstu verðlagi




Heimild: Hagstofa Íslands



## Einkennandi greinar ferðapjónustunnar

Noregur og Finnland velgja íslenskri ferðapjónustu undir uggum

Bráðabirgðatölur á föstu verðlagi




Heimild: Hagstofa Íslands



# Loðnubrestur skýrir lækkandi tekjur sjávarútvegsins

## Betri loðnuverðtíð á árinu 2026

Bráðabirgðatölur á föstu verðlagi




Heimild: Hagstofa Íslands



## Fiskeldi hefur verið í mikilli sókn

...en tekjur hafa aðeins dregist saman á árinu 2025 m.v. árið 2024

Bráðabirgðatölur á föstu verðlagi



Heimild: Hagstofa Íslands



